

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Húnabyggð.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Fálkagerði, athafna- og iðnaðarsvæði.

Sveitarstjórn Húnabyggðar samþykkti 12. maí 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Fálkagerðis, athafna- og iðnaðarsvæðis. Breytingin varðar lóðir Fálkagerðis 1-7 og 9 og 11 sem eru sameinaðar í eina lóð. Lóð Fálkagerðis 1-7 var fyrir breytingu 25.092 m². Lóð Fálkagerðis nr. 9 var 5.904 m² og lóð nr. 11 var 5.904 m². Sameinuð lóð 1-11 er stækkuð til vesturs og suðurs. Lóðir 1-7, 9 og 11 voru samtals 36.900 m² fyrir stækkun. Sameinuð lóð Fálkagerðis 1-11 verður 41.528 m² eftir stækkun. Stækkun sameinaðrar lóðar er 4.628 m². Girðing umhverfis lóð Fálkagerðis 1-11 færir til þannig að hún afmarki hina nýju lóð. Raflína og helgunarsvæði raflína eru tekin út þar sem raflína hefur verið aflögð. Að öðru leyti gilda núverandi deiliskipulagsskilmálar.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Húnabyggð, 29. maí 2026.

Börkur Þór Ottósson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 29. maí 2026